

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1911.

Konungsbréf um setning alþingis, undirskrifað af konungi 3. janúar 1911 (A nr. 1, bls. 2—3).

Auglýsing um kirkjugjald í Árbæjar- og Keldnasóknnum í Rangárvallaprófastsdæmi, undirskrifuð af ráðherra 22. desember 1910 (A nr. 2, bls. 4—5).

Auglýsing um breyting á 7. gr. 3 og 9. gr. 2 í reglugjöfð fyrir prestaskóla Íslands frá 15. ágúst 1895, undirskrifuð af ráðherra 15. febrúar 1911 (A nr. 3, bls 6—7).

Bréf stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa prestinum í Grímsey til íbúðarhúsbyggingar á prestssetrinu. **36**
27. febr.

Eftir móttöku bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 18. þ. m., og beiðni prestsins í Grímsey, síra Matthíasar Eggertssonar, hefir stjórnarráðið veitt honum 3000 kr. embættislán til þess að byggja íbúðarhús úr timbri á prestssetrinu Miðgörðum, með þeim kjörum, er til eru tekin í lögum 16. nóvember 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins m. m.

Húsið skal vera 15×10 álnir að stærð að utanmáli, portbyggt og alt járnvarið og að öllu hagað svo sem uppdráttur sá sýnir, er fylgdi álitni millipinganefndarinnar í kirkjumálum. Steinlímdur kjallari sé undir öllu húsinu, og á því að fylgja fullkomin eldavél og fjórir ofnar, og alt sé húsið málað utan og innan.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið, til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um endurveiting hlunninda handa sparisjóði. **37**
9. marz.

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnarnefnd sparisjóðsins »Gullfoss«, vill stjórnarráðið hérmeð endurveita nefndum sjóði um næstu 5 ár frá 19. júlí þ. á. hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum; að ákvæðanna um reikningskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að stjórnarnefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið, til birtingar fyrir stjórnarnefnd sparisjóðsins.